

Dómsorð:

Gagnstefndi, Sjóváttryggingarfélag Íslands h.f., skal vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda, Magnúsar Gíslasonar, Kristjáns Egilssonar og Þorsteins Sigurðssonar, í gagnsök.

Í aðalsök greiði aðalstefndu, Magnús Gíslason, Kristján Egilsson og Þorsteinn Sigurðsson in solidum aðalstefnanda, Sjóváttryggingarfélagi Íslands h.f., kr. 14.633.75, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til 22. febrúar 1960, en frá þeim degi 10% ársvöxtum til 29. desember 1960, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðalstefndu og gagnstefnendur greiði aðalstefnanda og gagnstefnda kr. 2.500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. júní 1963.

Nr. 180/1962. A (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

B (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. desember 1962. Krefst hann þess *aðallega*, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu í máli þessu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hann verði aðeins dæmdur meðlagsskyldur með sveinbarni hennar, fæddu 1. júní 1960 og að málskostnaður verði felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda, sem fengið hefur gjafvörn í máli þessu fyrir Hæstarétti, krefst þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og henni dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti,

eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en *til vara*, að henni verði dæmdur fyllingareiður og að um málskostnað fari, eins og segir í aðalkröfunni.

Áfrýjandi hefur kannast við að hafa haft samfarir við stefndu á tíma, sem upplýst er, að gat verið getnaðartími sveinbarns þess, sem hún ól 1. júní 1960. Stefnda hefur hins vegar staðfastlega neitað því að hafa haft samfarir við nokkurn annan karlmann en áfrýjanda á mögulegum getnaðartíma barnsins, og hefur þessari staðhæfingu hennar ekki verið hnekkkt. Blóðrannsókn sú, er fram fór, útilokar ekki áfrýjanda frá því að vera faðir barnsins.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að um málskostnað fer, svo sem síðar greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefndu fyrir héraðsdómi, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, ákveðast kr. 2500.00, og laun skipaðs talsmanns stefndu fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, Egils hæstaréttarlögmanns Sigurgeirssonar, samtals kr. 6000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjandi, A, greiði kr. 8600.00 í málskostnað, sem renni í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 11. október 1962.

Hinn 1. júní 1960 ól sóknaraðili, B, ógift stúlka, óskilgetið sveinbarn, sem samkvæmt vottorði Þuríðar Guðnadóttur ljósmóður, Akranesi, var við fæðingu fullburða, heilbrigt og rétt skapað, 4000 gr á þyngd og 53 cm að lengd.

Föður barnsins hefur sóknaraðili lýst A, en hann hefur ekki viljað kannast við faðernið.

Hefur sóknaraðili því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins, skyldaður til að

greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingargjald hennar fyrir árið 1960 samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá er af hálfu sóknaraðilja krafizt málskostnaðar að mati réttarins, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál. Er sérstaklega krafizt málsóknarlauna til handa Loga Einarssyni hdl., sem var talsmaður sóknaraðilja í málinu framan af. Til vara hefur sóknaraðili krafizt fyllingareiðs.

Varnaraðili hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati réttarins, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til talsmanns hans, Guðmundar Ingva Sigurðssonar.

Sóknaraðili hefur skýrt svo frá, að hún hafi fyrst kynnt varnaraðilja í ágústmánuði 1959. Seint í þeim mánuði kveðst sóknaraðili eitt sinn hafa farið með varnaraðilja heim til hans — — — —, eftir að þau höfðu verið úti á rúntinum. Var þá komið fram yfir miðnætti. Segir sóknaraðili, að þau hafi þá haft samfarir saman í herbergi varnaraðilja og telur hún, að samfarirnar hafi verið fullkomnar, enda hafi hvorugt þeirra haft verjur. Ekki hefur hún getað gert nánari grein fyrir því, hvaða dag eða sólarhring mánaðarins þau höfðu þessar samfarir, en telur, að það hafi verið í miðri viku, en ekki á laugardeða sunnudegi. Kvaðst hún hafa vitað, að varnaraðili var þá 19 ára gamall, en 20 ára varð hann í næsta mánuði, 2. september.

Sóknaraðili kveðst hafa sagt varnaraðilja frá því í febrúarmánuði 1960, að hún gengi með barn hans og hafi hann þá ekki mótmælt því, heldur brugðizt vel við og sagt að hún skyldi engar áhyggjur hafa af því og myndi hann ekki bregðast skyldum sínum í því efni.

Varnaraðili hefur skýrt svo frá, að laugardaginn 3. október 1959 hafi hann farið á dansleik að Logalandi í Reykholtssdal. Á dansleik þessum var einnig sóknaraðili. Að dansleiknum loknum, eftir að þau voru aftur komin til bæjarins, fylgdist hún með varnaraðilja heim til hans að — — — — og fór inn með honum. Var þá komið nokkuð fram yfir miðnætti. Segir varnaraðili, að þar hafi þau haft samfarir í herbergi hans á neðri hæð hússins. Segir hann, að samfarirnar hafi verið fullkomnar þannig, að hvorugt þeirra notaði getnaðarverjur og kveðst hann ekki hafa gætt neinnar varúðar við samfarirnar að öðru leyti. Fullyrðir varnaraðili, að þau hafi aðeins haft samfarir í þetta eina skipti, en hvorki fyrr né síðar. Kveðst hann muna örugglega tímann, sem samfarirnar áttu sér stað, því að kunningjar hans af Akranesi hafi rétt verið farnir suður í vélstjórnarskól-

ann, en hann byrjaði 1. október. Þá kveðst varnaraðili hafa verið fjarverandi úr bænum í sumarfrí frá föstudagskvöldi 21. ágúst 1959 ásamt H og kærustu hans, S, og hafi þau verið fjarverandi úr bænum í rétta viku. Næsta dag eftir að þau komu heim kveðst varnaraðili hafa farið í bíl sínum inn í Hvalfjörð með H, og voru þeir þar fram á nótt aðfaranótt sunnudags 30. ágúst. Varnaraðili telur útilokað, að hann geti verið faðir umrædds barns, þar sem það er fætt fullburða samkvæmt vottorði ljósmóður, en meðgöngutíminn tæpir 8 mánuðir, miðað við getnað 4. október 1959.

Við sampröfun í réttarhaldi þann 27 júlí héldu báðir aðiljar fast við fyrri framburð um það, hvenær samfarirnar höfðu átt sér stað. Hins vegar voru þau sammála um, að þau hefðu aðeins einu sinni haft samfarir saman. Fullyrti þá varnaraðili, að hann hafi farið í sumarfrí sitt 20. ágúst 1959, en eigi að kvöldi 21. ágúst.

Sóknaraðili hélt fast við þann framburð sinn, að samfarirnar hafi átt sér stað „seint í ágústmánuði“ 1959, og taldi hún tímaákvörðun þessa ná yfir tímann frá 20. til loka mánaðarins.

Vararaðili viðurkenndi, að sóknaraðili hafi seint í janúar eða febrúar 1960 skýrt frá því, að hún væri ófrísk og að hann væri faðir barns þess, er hún gengi með. Kveðst varnaraðili þá hafa sagt, að hann mundi ekki bregðast skyldu sinni, ef hann ætti barnið. Telur hann, að sóknaraðili hafi sagt í þetta skipti, að hún væri búin að ganga með í tæpa þrjá mánuði. Telur sóknaraðili, að varnaraðili hafi spurt um þetta, en kannast ekki við, að hún tjáði sig um það.

Allmargt vitna hefur borið, að aðiljar málsins hafi verið stödd á áðurnefndum dansleik að Logalandi í Reykholtssdal laugardagskvöldið 3. október 1959. Komu vitni þessi fyrir dóm þann 7. september 1960.

Aðalsteinn Aðalsteinsson verzlunarmaður, Sunnubraut 15, Akranesi, kvaðst hafa verið staddur á dansleik að Logalandi í Reykholtssdal laugardagskvöldið 3. október 1959, og hafi þau sóknaraðili og varnaraðili bæði verið stödd þar. Sagði vitnið, að þau hafi farið heim af dansleiknum í sama bílnum og virtist vitninu fara vel á með þeim. Sýndi vitnið réttinum dagbók sína, þar sem bókað er um ferð þess að Logalandi í umrætt sinn og að það hafi séð sóknaraðilja og varnaraðilja þar.

Vitnið H — — — —, kveðst hafa verið statt á umræddum dansleik að Logalandi laugardagskvöldið 3. október 1959. Taldi

vitnið, að hann hafi séð bæði sóknaraðilja og varnaraðilja á dansleiknum. Minntist vitnið þess, að varnaraðili hafi komið þar inn í bíl vitnisins og þá haft orð á því, að hann ætlaði að „vera með“ sóknaraðilja. Síðar lét varnaraðili þau orð falla við vitnið, að hann hefði „verið með“ sóknaraðilja um nóttina eftir áðurnefndan dansleik að Logalandi í Reykholtssdal laugardagskvöldið 3. október 1959. Í réttarhaldi þann 17. desember segir þó vitnið, að það muni ekki örugglega, hvort það sá sóknaraðilja á téðum dansleik. Kveðst vitnið muna það fyrir víst, að téður dansleikur var laugardagskvöldið 3. október 1959. Vitnið Georg Einarsson netagerðarmaður, Melteig 16 B, Akranesi, kvaðst hafa verið á dansleik að Logalandi í Reykholtssdal laugardagskvöldið 3. október 1959. Kvaðst vitnið hafa séð sóknaraðilja og varnaraðilja þar. Sá það, að þau dönsuðu að minnsta kosti einu sinni saman „vangadans“ á téðum dansleik. Kvaðst vitnið hafa orðið þeim samferða til Akraness af dansleiknum. Komu þau við að Hömrum í Reykholtssdal. Fóru þeir þar inn, vitnið og bifreiðarstjórinn, en sóknaraðili og varnaraðili urðu eftir ein í bifreiðinni. Er til Akraness kom, minnir vitnið, að þau hafi farið út úr bifreiðinni bæði við verzlunina Andvara á Kirkjubraut.

Vitnið Guðlaugur Ketilsson vélstjóri, Kirkjubraut 6, Akranesi, kveðst hafa verið á dansleik að Logalandi, Reykholtssdal, og telur, að það hafi örugglega verið þann 3. október 1959. Sá vitnið varnaraðilja þar, en ekki mundi það, hvort sóknaraðili var þar einnig

Vitnið Guðmundur Sigurjónsson prentari, Kirkjubraut 6, Akranesi, kveðst hafa verið statt á dansleik að Logalandi laugardagskvöldið í byrjun októbermánaðar 1959, og sá vitnið þar bæði sóknaraðilja og varnaraðilja. Viðhafði varnaraðili þá þau orð við vitnið, að hann ætlaði að „reyna við“ sóknaraðilja. Næsta dag spurði vitnið varnaraðilja nánar út í þetta, og sagði varnaraðili þá, að hann hafi verið með sóknaraðilja nóttina áður.

Gagnvart þessum vitnaframburði og fullyrðingu varnaraðilja um meint samskipti þeirra á téðum dansleik hefur sóknaraðili fullyrt, að hún hafi alls ekki verið á þessum tiltekna dansleik að Logalandi og á því tímabili stödd í Ólafsvík á Snæfellsnesi. Hefur hún haldið því fram, að hún hafi farið frá Ólafsvík 5. október í áælunarbíl með viðkomu í Borgarnesi. Ætlaði hún að heimsækja þar G, en hún var þá ekki heima. Lagði sóknaraðili fram vottorð af því tilefni þess efnis, að hún hafi verið stödd í Ólafsvík frá 30. september til 7. október 1959.

Er það vottorð undirritað 20. ágúst 1960 af R — — — — og X — — — —. Komu þær fyrir dóm 28. október 1960. Vitnið X kveðst hafa verið á heimili móður sinnar á Akranesi, J, — — — —, dagana 3.—5. október 1959. Segir hún, að sóknaraðili hafi þá eigi verið þar og var vitninu sagt, að sóknaraðili væri stödd í Ólafsvík. Gat vitnið eigi borið frekar um dvöl sóknaraðilja í Ólafsvík.

Vitnið R reyndist ekki vita neitt um dvöl sóknaraðilja í Ólafsvík. Hafði vitnið heyrt móður sína, X, hafa orð á því, eftir að hún kom frá Akranesi í byrjun októbermánaðar 1959, að sóknaraðili hafi þá ekki verið heima, heldur vestur í Ólafsvík eða einhversstaðar fyrir vestan.

Þann 23. nóvember mætti fyrir dómi Þ, — — — —. Upplýsti vitnið, að það hafi verið um skeið í Borgarnesi haustið 1959 hjá móður sinni, G. Minnst vitnið þess, að mánudaginn næstan á undan 10. október um haustið (5. október) hafi tvær stúlkur komið heim til móður vitnisins og spurðu eftir henni, en hún var þá ekki heima. Er vitnið fór að spyrjast fyrir um það hjá bróður sínum, hverjar þessar stúlkur mundu hafa verið, gízk-aði hann á, að þarna gæti sóknaraðili hafa verið á ferð, en sóknaraðili er kunnug fólki vitnisins í Borgarnesi.

Vitnið Z — — — —, er mætti fyrir dómi þann 17. desember 1960, kvaðst minnst þess, að það hafi farið til Ólafsvíkur með sóknaraðilja síðast í september 1959. Í Ólafsvík dvöldu þær til mánudagsins 5. október, að sögn vitnisins, fóru þá með áætlunarbíl og höfðu viðkomu í Borgarnesi. Þar fór vitnið með sóknaraðilja í heimsókn til einhverrar konu, sem sóknaraðili þekkti, en hún reyndist þá ekki vera heima. Næstu nótt gistu þær stóllur að Höfn í Mela- og Leirárhreppi, en daginn eftir fór sóknaraðili til Akraness.

Vitnið upplýsir, að meðan þær dvöldu í Ólafsvík, hafi þær búið í herbergi Guðmundar Geirssonar — — — —. Sagði vitnið, að meðan þær dvöldu í Ólafsvík hafi þær einu sinni farið út á Sand, en alls ekki á dansleik að Logalandi eða í Borgarfirði. Meðan vitnið og sóknaraðili voru saman í Ólafsvík, skildu þær aldrei og sváfu í sama rúmi og brást það aldrei.

Guðmundur Geirsson sjómaður, Laugarbraut 9, Akranesi, mætti í máli þessu sem vitni 12. apríl 1961.

Kvaðst vitnið minnst þess, að sóknaraðili og áðurnefnd Z — — — — hafi komið til Ólafsvíkur um haustið 1959 „um réttirnar“ eða „í réttavíkunni“, að vitnið minnti, en vitnið dvaldi þá í Ólafsvík.

vík. Ekki mundi vitnið örugglega, hvaða daga þær dvöldu í Ólafsvík, en taldi hins vegar öruggt, að þær hafi ekki haft þar viðdvöl nema eina eða tvær nætur. Taldi vitnið sig vita þetta, af því að það lánaði þeim herbergi sitt, á meðan þær dvöldu í Ólafsvík í umrætt sinn, þar sem þær hafi ekki haft í önnur hús að venda. Sjálft kvaðst vitnið á meðan hafa sofið um borð í báti sínum, Baldri, AK 115. Herbergið, sem vitnið lánaði sóknaraðilja og Z, sagði vitnið vera í húsi Leós Guðbrandssonar. Vitnið minnst þess, að það hafi leyft sóknaraðilja að taka út skó í verzlun í Ólafsvík, meðan á dvöl hennar stóð þar, á nafn báts þess, Baldurs, AK 115, og taldi, að það hafi verið daginn eftir að sóknaraðili kom til Ólafsvíkur. Sýndi hann í réttinum kvittun, dags. 26/9 1959, fyrir móttöku á kr. 211.00 frá Kaupfélaginu Dagsbrún, Ólafsvík, til Theódórs Guðmundssonar, en undirritaða af sóknaraðilja, sbr. dskj. nr. 17.

Vitnið taldi útilokað, að sóknaraðili hafi dvalið í Ólafsvík til 5. október. Miðað við dagsetningu nefndrar kvittunar taldi vitnið, að sóknaraðili hafi farið frá Ólafsvík þann 27. september 1959. Taldi það öruggt, að sóknaraðili hafi eigi dvalið lengur í Ólafsvík en þessa tvo daga, og eigi haft þar annan næturstað en herbergi vitnisins.

Vitnið Leó Guðbrandsson, Brautarholti 4, Ólafsvík, mætti fyrir rétti í máli þessu 9. maí 1961. Fullyrti vitnið, að tvær stúlkur hafi fengið að dveljast í húsi hans haustið 1959 samkvæmt beiðni Guðmundar Geirssonar. Var það á réttardaginn um haustið, sem þær komu, og fullyrti vitnið, að þær hefðu eigi dvalizt lengur í húsi hans en tvær nætur.

Vitnið Marius Theódór Guðmundsson, Ólafsvík, mætti í máli þessu 25. maí 1961. Vitnið kvaðst minnst þess, að hann hafi haustið 1959 sótt tvær stúlkur, Z og sóknaraðilja, þar sem þær voru staddar á Fróðárheiði. Ekki mundi vitnið, hvenær haustsins þær dvöldust í Ólafsvík, en á öðrum degi fékk hann símskeyti heiman frá sóknaraðilja þess efnis, að stúlkurnar ættu að fara heim strax. Fullyrti vitnið, að þær hafi eigi dvalið lengur í Ólafsvík en tvo daga. Að lokinni dvöl þeirra í Ólafsvík ók vitnið þeim að Vegamótum í Miklaholtshreppi.

Svo sem áður greinir, hefur varnaraðili haldið því fram, að hann hafi farið í ferðalag þann 20. ágúst 1959 með þeim H, sem áður er nefndur, og unnustu hans, S — — —.

Vitnið H hefur staðfest þann framburð varnaraðilja. Þó segir það, að þau hafi farið aðfaranótt 21. ágúst í ferðalagið og komið

aftur aðfaranótt 29. ágúst sama ár. Mundi vitnið ekki fyrir víst, hvort það var hinn 29. ágúst, að þeir, hann og varnaraðili, fóru inn í Hvalfjörð, sem hann taldi þó líklegra, eða helgina þar á eftir. Sagði hann, að þeir hafi dvalið þar fram á aðfaranótt sunnudagsins 30. ágúst.

S telur, að þau hafi lagt af stað í sumarfríð norður á land seinni hluta dags á föstudag um 20. ágúst. Hafi þau verið viku í ferðalaginu og komið aftur aðfaranótt laugardags 29. ágúst. Taldi vitnið sér vera kunnugt um það, að H fór morguninn eftir inn í Hvalfjörð og kom þaðan aftur um kvöldið.

Sóknaraðili hefur stöðugt haldið því fram, að samfarir hennar og varnaraðilja hafi átt sér stað seinni hluta ágústmánaðar 1959. Hún hefur ávallt andmælt því, að hún hafi verið á dansleik að Logalandi í Reykholtssdal laugardagskvöldið 3. október 1959. Hins vegar hefur hún viðurkennt að hafa verið á dansleik þar einu sinni einhvern tíma um haustið 1959 og hitt þá varnaraðilja og orðið honum samferða heim, en þá hafi þau ekki haft samfarir saman.

Varnaraðili hefur haldið því fram, að sóknaraðili hafi haft samfarir við fleiri karlmenn, sem gætu verið hugsanlegir feður barnsins, en sóknaraðili hefur algerlega synjað fyrir það að hafa haft mök við nokkurn annan mann en varnaraðilja á mögulegum getnaðartíma barnsins. Er ekkert fram komið í málinu, sem styður þessa fullyrðingu varnaraðilja.

Sóknaraðili hefur fullyrt, að hún hafi síðast haft á klæðum fyrir barnsburðinn um miðjan ágústmánuð.

Leitað var álits Torfa Bjarnasonar héraðslæknis um það, hvort mögulegt væri, að barnið gæti verið getið við samfarir málsaðilja, sem átt hafi sér stað 4. október 1959, miðað við að byggt sé á umsögn sóknaraðilja um klæðaföll hennar.

Í álitsgerð læknisins, dags. 3. október 1961, segir svo:

„Tíðir kvenna geta fallið niður af ýmsum ástæðum öðrum en þeim að konan verði barnshafandi svo sem við veikindi eða við breyttar aðstæður. Egglos verður venjulega 7—14 dögum eftir að tíðir byrja, en getur þó orðið á öðrum tímum og getur einnig orðið, þó tíðir falli niður.“

Ef gert væri ráð fyrir, að tíðir hefðu fallið niður hjá málsaðilja eftir miðjan ágúst 1959, vegna þess að hún var barnshafandi, ætti getnaður að hafa orðið 22. til 29. ágúst, miðað við, að egglos hafi verið á þeim tíma, sem algengast er. Barn,

sem getið er á þessum tíma, myndi eftir venjulegum (eðlilegan) meðgöngutíma fæðast í síðustu viku maí 1960.

Áður hafði verið leitað álits héraðslæknis um það almennt, hvort barnið, sem fætt er 1. júní 1960, geti verið ávöxtur samfara aðilja, sem átt hafi sér stað aðfaranótt 4. október 1959.

Í vottorði læknisins, dags. 9. september 1960, segir svo:

„Venjulegur meðgöngutími fullburða barns er talinn vera 271 dagur með 11 daga misvísun til eða frá. Meðgöngutími fullburða barns getur þó verið mjög misjafnlega langur, eða frá 240—320 dagar. Barn það, er hér um ræðir, er samkvæmt vottorði ljósmóður fullburða fætt og bendir lengd þess og þyngd til þess að ekki hafi vantað þar á. (Barnið var 53 cm langt og vó 4000 gr). Þar sem barnið er fætt 1. júní 1960, er samkvæmt framan-sögðu mögulegur getnaðartími þess frá 16. júlí—5. október 1959. En sennilegasti getnaðartími, miðað við meðalmeðgöngutíma og fullburða barn, væri frá 24. ágúst—15. september.

Það verður því að teljast möguleiki á, að barn það, er hér um ræðir, sé ávöxtur samfara, sem átt hafa sér stað aðfaranótt 4. október 1959, en með tilliti til þroska barnsins við fæðingu er það að mínu áliti ósennilegt.“

Óskað var álitsgerðar lækna ráðs varðandi mál þetta um eftirfarandi atriði:

- „1. Hver er meðgöngutími fullburða barns?
2. Var umrætt barn fullburða?
3. Hver er sennilegasti getnaðartími barnsins?
4. Getur barn það, sem sóknaraðili ól í júní 1960, verið ávöxtur samfara, sem átt hafa sér stað 4. október 1959?“

Niðurstaða úrskurðar lækna ráðs var á þessa leið:

- „Ad. 1. Fullburða börn geta fæðzt eftir mjög mislangan meðgöngutíma og má meta líkurnar um lengd meðgöngutíma nokkuð eftir stærð barnsins (sbr. svar við 3.).
- Ad. 2. Samkvæmt heimildum ljósmóður um lengd og þyngd barnsins hefur svo verið.
- Ad. 3. Sennilegast er, að barn með umræddum þroskamerkjum hafi ekki verið getið fyrr en um miðjan júlí og ekki síðar en síðari hluta september 1959.
- Ad. 4. Ólíklegt er, að svo sé, en ekki útilokað.“

Hinn 5. júlí 1960 voru blóðflokkar málsaðilja og barnsins rannsakaðir í Rannsóknarstofu Háskólans. Reyndust þeir vera:

	Aðalflokkur	Undirfl.	C	D	E	c
Sóknaraðili	O		+	+	—	—
Barnið	O		+	+	—	—
Varnaraðili	A ₁		+	+	—	—

Samkvæmt þessari rannsókn er ekki unnt að útiloka varnaraðilja frá faðerninu.

Eins og fram er komið, er aðalvörn varnaraðilja, að barn það, er hér um ræðir, geti eigi verið ávöxtur samfara aðilja aðfaranótt 4. október 1959. Í annan stað hefur varnaraðili sýnt fram á, að hann hafi verið fjarverandi frá Akranesi mestan hluta þess tímabils, sem sóknaraðili telur, að samfarirnar hafi átt sér stað, þ. e. frá 20. ágúst 1959 til loka þess mánaðar. Þá fær sú fullyrðing sóknaraðilja, að hún hafi dvalið í Ólafsvík nokkra daga til 5. október 1959 vart staðizt og öll líkindi benda til þess, að hún hafi verið stödd á margnefndum dansleik að Logalandi í Reykholtssdal þann 3. október 1959 og hitt þar varnaraðilja.

Rétturinn lítur þó svo á, að það sé hér þyngst á metunum og afgerandi, að aðiljar eru á einu máli um það, að þau hafi haft á mögulegum getnaðartíma barnsins fullkomnar samfarir. Blóðrannsókn útilokar eigi varnaraðilja frá faðerninu og eigi það heldur, þótt byggt sé á fullyrðingu hans um, hvenær samfarirnar hafi átt sér stað. Sóknaraðili hefur staðfastlega haldið því fram, að enginn annar en varnaraðili geti komið til greina sem faðir barnsins, og ekkert er fram komið í málinu, sem styður fullyrðingar varnaraðilja um hið gagnstæða. Með skírskotun til þess, sem hér er rakið, ber að dæma varnaraðilja föður barns þess, er sóknaraðili ól hinn 1. júní 1960, og skal hann greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1960, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma varnaraðilja til greiðslu alls málskostnaðar. Kostnaður, sem embættið hefur lagt út vegna máls þessa, nemur kr. 100.00. Logi Einarsson hdl. var talsmaður sóknaraðilja framan af málinu, og þykir þóknun honum til handa hæfilega ákveiðin kr. 1.500.00, en þóknun til Egils Sigurgeirssonar hrl., er var talsmaður sóknaraðilja síðan, þykja hæfilega ákveðin kr. 2.000.00. Samkvæmt 215. gr. laga nr. 85/1936 ber að leggja málssóknarlaun út af ríkisfé. Málskostnaður nemur því samtals kr. 3.600.00, sem varnaraðilja ber að greiða, og rennur hann til ríkissjóðs.

Haraldur Jónasson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Varnaraðili, A, skal teljast faðir að barni því, sem sóknaraðili, B, ól 1. júní 1960. Skál varnaraðili greiða meðlag með barninu, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1960, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Málssóknarlaun til skipaðra talsmanna sóknaraðilja ákveðast kr. 1.500.00 til Loga Einarssonar hdl. og kr. 2.000.00 til Egils Sigurgeirssonar hrl.

Varnaraðili greiði kr. 3.600.00 í málskostnað, er renni til ríkissjóðs.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. júní 1963.

Nr. 170/1962. **Steinunn Sveinsdóttir**

(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

Skúla Sveinssyni (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Ágústu Ágústsdóttur, Guðmundi Ágústssyni og Péttri Snæland (enginn).

og

Skúli Sveinsson (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Steinunni Sveinsdóttur

(Ólafur Þorgrímsson hrl.),

Ágústu Ágústsdóttur, Guðmundi Ágústssyni og Péttri Snæland (enginn).

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Lárus Jóhannesson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyólfsson og prófessor Theodór B. Lindal

Erfðir. Ættleiðing. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi, Steinunn Sveinsdóttir, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1962. Gerir hún þessar kröfur: